

Fimmtudaginn 5. október 1972.

Nr. 114/1972. **Ákærvaldið**
 gegn
Haraldi Sævari Kjartanssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Saksóknari ríkisins hefur samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. september 1972, sem barst Hæstarétti 18. s. m., og krafizt þess, að hin kærða dómssátt verði úr gildi felld og að varnaraðilja verði gert að greiða kærumálaskostnað.

Með dómi sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 6. ágúst 1969 var varnaraðilja dæmd 10 daga varðhaldsvist og svipting ökuleyfis 1 ár fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Varnaraðili var sóttur um ítrekað brot gegn greindum lagaboðum í máli því, sem lyktaði í héraði með hinni kærðu dómssátt. Þau málalok voru óheimil að lögum, sbr. 2. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966, 4. mgr. 80. gr. og 3. mgr. 81. gr. laga nr. 40/1968 og 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Dómsáttina ber því að fella úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966.

Rétt er, að kærumálaskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Kærumálaskostnaður fellur niður.

Dómssátt sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

22. ágúst 1972.

Ár 1972, þriðjudaginn 22. ágúst, var sakadómur Snæfellsnes-

og Hnappadalssýslu háður í lögreglustöðinni í Ólafsvík af Ólafi Ólafssyni fulltrúa. Fyrir var tekið: Rannsókn í tilefni af kæru um ölvun við akstur.

Dómarinn leggur fram ofangreinda kæru, dskj. nr. 1—4, svolhljóðandi:

Fyrir dómi er mættur kærði: Nafn: Haraldur Sævar Kjartansson. Stétt eða atvinna: Fiskimatsmaður. Heimili: Grundarbraut 4, Ólafsvík. Fæðingarstaður: Ólafsvík. Fæðingardagur: 8. nóvember 1933.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 82/1961.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt. Hann samþykkir að greiða kr. 3.500.00 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málssókn út af brotinu, sem varðar við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga. Sektin greiðist fyrir 30. september, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 3 daga.

Málskostnaður, kr. 500.00, greiðist fyrir sama tíma.

Kærði er sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 22. ágúst 1972, en hefur glatað ökuskírteini sínu.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

Priðjudaginn 10. október 1972.

Nr. 123/1971. **Einar V. Magnússon**

(Ingi Ingimundarson hrl.)

gegn

Grétari Bjarnasyni.

(Logi Guðbrandsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lausafjárkaup. Lögræði.